

## REGLUGERÐ

### um greiðslu á launum úr ríkissjóði við gjaldþrot.

#### 1. gr.

Ríkissjóði ber að greiða launþegum vangreidd laun fyrir vinnu, unna eftir 28. mars 1974, í þágu vinnuveitenda, sem orðnir eru gjaldþrota, eftir því, sem nánar greinir í reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Greiðsluskylda ríkissjóðs tekur til:

- a. vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., sbr. lög nr. 32 10. apríl 1974,
- b. orlofsfjár af launum, sbr. a-lið,
- c. bóta vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi,
- d. vinnulauna meðeiganda gjaldþrota fyrirtækis, sem undanþegnir eru réttinda-  
missi, sbr. c-lið 3. gr. og
- e. nauðsynlegs kostnaðar, sem launþega er skylt að greiða vegna kröfu hans um  
gjaldþrotaskipti vegna vanskila á launum, sbr. 1. gr.

Greiðsla samkvæmt grein þessari til hvers launþega getur í hæsta lagi numið þreföldum lágmarkstekjum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 96 27. des. 1974.

Ríkissjóði ber að greiða vexti af greiðslum þeim, sem honum ber að greiða samkvæmt grein þessari. Vextir þessir, sem greiðast í allt að 12 mánuði, skulu vera í samræmi við almenna sparisjóðsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma, og reiknast frá þeim tíma, sem greiðslan var gjaldkræf hjá vinnuveitanda.

#### 3. gr.

Greiðsluskylda ríkissjóðs tekur ekki til:

- a. vinnulauna forstjóra fyrirtækis,
- b. vinnulauna eða þóknana til þeirra, sem setið hafa í stjórn gjaldþrotafélags,  
eftir að fjárhag þess tók verulega að halla og
- c. vinnulauna launþega, sem eiga hlut í fyrirtæki því, sem þeir vinna hjá. Ákvæði  
þessa staflíðs gildir þó ekki um þá launþega, sem eiga ekki meiri hlut í fyrir-  
tækinu en nemur 2%, enda hafi eignahlutur þeirra ekki numið hærri fjárhæð  
en kr. 20 000.00.

#### 4. gr.

Greiðsluskylda ríkissjóðs er háð því, að kröfum samkvæmt a—d-liðs 2. gr. hafi verið lýst lögformlega við gjaldþrotaskipti innan innköllunarfrests.

Í þrotabúum, sem reynst hafa eignalaus, og innköllun til skuldheimtumanna því ekki gefin út, helst þó greiðsluskylda ríkissjóðs, ef krafa um greiðslu er komin í hendur félagsmálaráðuneytinu, sbr. 9. gr., eigi síðar en ári eftir að skiptameðferð lauk.

Greiðsluskylda ríkissjóðs, samkvæmt e-lið 2. gr. er fyrir hendi, ef kostnaðurinn fæst ekki greiddur vegna þess, að eignir þrotabúsins hrukku ekki fyrir greiðslu

hans, enda sé krafa á hendur ríkissjóði vegna slíks kostnaðar gerð eigi síðar en kröfugerð samkvæmt 1. og 2. mgr. greinar þessarar.

#### 5. gr.

Kröfur á hendur ríkissjóði um greiðslur skulu hafa borist félagsmálaráðuneytinu þegar eftir að gjaldþrot hefur verið úrskurðað eða búsmæðferð eignalausra búa er lokið og í síðasta lagi innan árs frá lokum innköllunarfrests í þrotabúum, sbr. þó 2. og 3. mgr. 4. gr.

Kröfur, sem berast ráðuneytinu fyrst eftir lok fresta þeirra, sem um ræðir í grein þessari, verða ekki teknar til greina.

#### 6. gr.

Kröfu um greiðslu samkvæmt þessari skal launþegi senda til félagsmálaráðuneytisins, ásamt bréflægum upplýsingum skiptaráðanda um þau atriði, sem hann getur vottað um, og varða réttmæti hennar og skilyrði fyrir því, að hana beri að greiða úr ríkissjóði. Hafi úrskurður gengið um kröfuna í skiptarétti, ber að láta útskrift af honum fylgja henni.

Jafnan skal ráðningar- eða vinnusamningur fylgja kröfu hafi hann verið gerður.

Enn fremur skal launþegi láta vottorð vinnuveitanda eða verkstjóra hans um vinnutíma sinn hjá honum fylgja kröfunni. Sé slíkt vottorð ófáanlegt, nægir vottorð tveggja samstarfsmanna kröfuhafa hjá vinnuveitanda um vinnutíma hans, ef um samstarfsmenn var að ræða.

#### 7. gr.

Nú eru ekki, að fengnum gögnum samkvæmt 6. gr., nægar sannanir fyrir því, að dómi ráðuneytisins, að réttmætt sé að greiða kröfu úr ríkissjóði og getur ráðuneytið þá krafist vinnuveitanda um útskrift úr viðskiptabók hans, sem sýni viðskipti launþega við hann.

Ef ástæða þykir til getur ráðuneytið enn fremur krafist réttarrannsóknar um viðskipti kröfuhafa og vinnuveitanda og er þeim þá skylt að mæta fyrir rétti, ef ráðuneytið óskar þess.

Þá er ráðuneytinu heimilt að krefja hlutaðeigandi verkalýðs- og vinnuveitendafélag upplýsinga um sérhvað það, sem varðar réttmæti kröfu, svo sem kauptaxta þann, sem gildi um vinnu kröfuhafa, sem krafist er launa fyrir.

#### 8. gr.

Ráðuneytið getur hvenær sem er krafist þess, að kröfuhafi láti því í té úrskurð skiptaréttar um réttmæti kröfu hans, ef það telur vafa leika á um réttmæti hennar.

#### 9. gr.

Félagsmálaráðuneytið innir af hendi greiðslur þær, sem ríkissjóði ber að greiða vegna launa við gjaldþrot.

Kröfur þær, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir því, að þær beri að greiða úr ríkissjóði, skal ráðuneytið greiða innan fjögurra vikna frá því, að þær bárust því. Kröfu, sem ekki verður úrskurðuð réttmæt, þegar hún berst ráðuneytinu, sbr. t.d. 10. gr. eða vegna skorts á upplýsingum, skal greiða svo fljótt, sem unnt er, eftir að réttmæti hennar hefur verið sannað.

#### 10. gr.

Ráðuneytið má eigi inna af hendi greiðslu launa vegna gjaldþrots fyrr en úrskurður um gjaldþrot hefur gengið, eða skiptameðferð er lokið samkvæmt bréflægri yfirlýsingu skiptaráðanda í búum, sem reynst hafa eignalaus.

Kröfu launþega má ekki greiða fyrr en hún er fallin í gjalddaga. Greiðslu á kröfu til launa í uppsagnarfresti má inna af hendi mánaðarlega eftir á, uns hún er að fullu greidd. Gagnkröfur, sem til greina ber að taka við launagreiðslur samkvæmt lögum, skulu dregnar frá greiðslum samkvæmt reglugerð þessari.

Þegar greiðsla er innt af hendi, skal halda eftir því, sem skylt er á sama hátt og við útborgun launa hjá vinnuveitanda.

#### 11. gr.

Þegar ráðuneytið innir af hendi greiðslur samkvæmt reglugerð þessari ber því að ganga úr skugga um, hvort kröfuhafi hafi fengið kröfu sína greidda úr þrotabúinu að einhverju eða öllu leyti. Frá greiðslu ríkissjóðs ber að draga það, sem kröfuhafi kann að hafa fengið þannig greitt upp í kröfu sína.

#### 12. gr.

Nú framselur launþegi kröfu, sem um ræðir í 2. gr. og glatast þá réttur til greiðslu úr ríkissjóði, nema krafan hafi verið framseld hlutaðeigandi samtökum atvinnurekenda eða launþega, eftir að úrskurður um gjaldþrot var kveðinn upp.

#### 13. gr.

Ríkissjóður á rétt til endurgreiðslu úr þrotabúi skuldara á þeim fjárhæðum, sem hann hefur innt af hendi samkvæmt reglugerð þessari, að svo miklu leyti, sem eignir búans hrökkva til, samkvæmt úthlutun skiptaráðanda. Endurkrafa ríkissjóðs nýtur sama forgangsréttar í þrotabúinu, sem sú krafa, er hann leysti til sín. Fyrnist sá réttur ekki meðan endurkrafan er ófyrnd.

Ráðuneytið skal tilkynna skiptaráðanda um greiðslur, sem það hefur innt af hendi, samkvæmt reglugerð þessari.

#### 14. gr.

Hafi launþegi gefið rangar upplýsingar eða þagað um atriði, sem máli skipta í sambandi við greiðslu úr ríkissjóði, ber launþega að endurgreiða það, sem hann hefur ranglega fengið.

Sé um vítavert atriði að ræða, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

#### 15. gr.

Opinber stjórnvöld, vinnuveitendur og stéttarfélag skulu eftir beiðni ráðuneytisins veita upplýsingar, sem þýðingu hafa við ákvörðun greiðslu samkvæmt reglugerðinni.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot og öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júlí 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*